



Skattaspor

Brims hf. og íslenskra dótturfélaga fyrir árið 2019

Skattasvið KPMG

—

Mars 2020

Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

Ágúst Karl Guðmundsson
Partner

☎ 545 6152

✉ akgudmundsson@kpmg.is

Anna María Ingvarsdóttir
Senior Manager

☎ 545 6231

✉ aingvarsdottir@kpmg.is

Í heimi aukinna væntinga

Skattlagning og skattgreiðslur eru þýðingamiklir þættir í opinberri umræðu. Með aukinni áherslu hagsmunaraðila á ófjárhagslegar upplýsingar getur miðlun upplýsinga um skattaspor félaga verið mikilvægt innlegg.

Aukið gegnsæi um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga er eitt af þeim atriðum sem lánveitendur líta til við mat á viðskiptavinum.

Í samkeppnisumhverfi getur það veitt ákveðið forskot að birta viðbótarupplýsingar um skattalega stöðu fyrirtækis.

Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeirri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað.

Samskipti

Árangur í viðskiptum byggir ekki eingöngu á því sem gert er, heldur einnig á því sem sagt er og hvernig samskipti eru við hagsmunaaðila.

Miðlun upplýsinga um skattamál þarf ávallt að vera vönduð og skýr til að fyrirbyggja mögulega mistúlkun.

Skattaspor

Skattaspor fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra.

Í skýrslu þessari eru veittar upplýsingar um skattaspor samstæðu Brims hf. 2019 sundurliðað á þær tegundir skatta og gjalda sem samstæðan stóð skil á.

Markmið með birtingu upplýsinga um skattaspor samstæðunnar er að sýna hvað rekstur þess á árinu 2019 skilaði til samfélagsins í formi skatta og gjalda.



Orðskýringar



Fjárhagslegt verðmæti

Er jafnt heildartekjum fyrirtækis og innifelur rekstrartekjur, fjármunatekjur og söluhagnað eigna. Er sett fram sundurliðað eftir ráðstöfun þess.



Skattaspor fyrirtækis

Innifelur skatta og gjöld sem greidd eru til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða (gjaldfærðir skattar), auk skatta sem innheimtir eru og staðið skil á til yfirvalda.



Gjaldfærðir skattar

Skattar og gjöld sem teljast kostnaður fyrirtækis og hafa áhrif á afkomu þess. Lögboðin gjöld á launagreiðslur til starfsmanna s.s. tryggingagjald og móttframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði falla einnig hér undir.



Innheimtir skattar

Innheimtir skattar teljast ekki gjöld fyrirtækis en eiga sér uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrir.



Skattar á tekjur

Skattar lagðir á veltu og/eða hagnað. Fyrst og fremst er um að ræða tekjuskatt.



Skattar vegna nýtingu auðlinda

Veiðigjald sem er lagt á aflamark, aðrar úthlutaðar aflheimildir eða landaðan afla.



Fasteignaskattar

Skattar vegna kaupa, sölu, eignarhalds eða notkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.



Starfsmannaskattar

Skattar og gjöld sem tengjast starfsmönnum fyrirtækis og skuldbindingum vegna þeirra.



Vöru-, viðskipta- og framleiðsluskattar

Skattar og gjöld lögð á og innheimt af fyrirtæki vegna sölu á vörum og þjónustu til viðskiptavina. Hafnargjöld vegna löndunar afla hjá útgerðarfyrirtækjum fellur einnig hér undir.



Grænir skattar

Skattar lagðir á vegna umhverfissjónarmiða sem hafa það að markmiði að mynda hvata til að draga úr losun skaðlegra efna eða skattar á vörur sem eru skaðlegar umhverfinu.



Afdráttarskattar

Skattar á tekjur lagðar á við uppruna. Afdráttarskattar finnast í flestum skattkerfum og eru lagðir á arð, vexti, þóknarir og sambærilegar tekjur.



Virðisaukaskattur

Er lagður á söluverð vöru og þjónustu sem útskattur og greiddur af aðföngum og aðkeyptri þjónustu og telst innskattur. Mismuni útskatts og innskatts er skilað í ríkissjóð eða fæst endurgreiddur. Virðisaukaskattur telst ekki til skattaspons nema þegar selt er til endanlegs neytanda og ef um er að ræða innskatt sem ekki er heimilt að nýta og telst til rekstrarkostnaðar fyrirtækis.

Grunnurinn að greiningunni

Inngangur

Brim hf., áður HB Grandi, á sér langa sögu og býr að mikilli reynslu og þekkingu á nýtingu auðlinda og framleiðslu sjávarafurða sem endurspeglast í allri starfsemi þess. Lögð er rík áhersla á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga þróun framleiðslunnar. Fyrirtækið framleiðir verðmætar afurðir úr ferskum fiski sem aflað er úr hafinu við Ísland. Virðing fyrir umhverfinu og lífríki sjávar er grundvöllur starfsemi Brims og lögð er áhersla á góða umgengni um auðlindina og ábyrgar fiskveiðar svo komandi kynslóðir geti notið hennar áfram. Brim leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð enda hefur það ætíð verið metnaður fyrirtækisins að öll starfsemi þess endurspegli ábyrgð gagnvart auðlindum sjávar og samfélaginu.

Brim stundar veiðar og vinnslu á botn- og uppsjávarfiski. Hjá samstæðunni eru unnin um 800 ársverk til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar um allan heim en helstu markaðir eru í Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku og Afríku.

Brim er með samþættan rekstur veiða, vinnslu og markaðssetningar sem stuðlar að skilvirkari framleiðslu og tryggir óhefta leið aflans til kaupanda. Auðvelt er að rekja slóð afurðanna frá afhendingu alla leið aftur til sjávar. Lykillinn að velgengni samstæðunnar felst í framúrskarandi starfsfólki á sjó og landi sem leggur sig fram við að skila gæðavörum til kaupenda og neytenda.

Forsendur

Skýrsla þessi er unnin af KPMG fyrir stjórnendur Brims hf. KPMG aflaði upplýsinga um skattaspor Brims hf. með því að senda spurningarlista til stjórnenda fyrirtækisins. KPMG hefur reitt sig á nákvæmni þeirra upplýsinga en hefur hvorki endurskoðað né sannreynt þær.

Umfang skýrslunnar

Fjárhagsupplýsingar í skýrslu þessari ná til starfsemi Brims hf. og dótturfélaga þess á Íslandi.

Allar fjárhæðir eru settar fram í milljónum króna (m.kr.) nema annað sé tekið fram.

Í textanum hér á eftir er jöfnum höndum fjallað um „Brim“, „samstæðuna“, „félagið“ og „fyrirtækið“.



Fjárhagslegt verðmæti samstæðu Brims hf.

Fjárhagslegt verðmæti

Brim hf. skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti.

Fjárhagslegt verðmæti (verðmætasköpun) samstæðunnar á árinu 2019 nam 32.726 m.kr., sem samanstendur af rekstrartekjum, fjármunatekjum og söluhagnaði. Í raun er um að ræða þau verðmæti sem samstæðan skapaði með rekstri sínum á árinu 2019.

Framlag samstæðunnar til viðskiptaumhverfisins samanstendur af þáttum eins og launum og launatengdum gjöldum, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum o.fl.

Hjá samstæðunni störfuðu að jafnaði um 762 starfsmenn á árinu þegar miðað er við heilsársstörf og námu launagreiðslur án launatengdra gjalda sem skilað er til yfirvalda og lífeyrissjóða 8.907 m.kr. á árinu 2019. Beinar launagreiðslur námu því 27,2% af fjárhagslegri verðmætasköpun samstæðunnar.

Heildargjaldfærsla greiddra skatta og annarra gjalda til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vegna starfseminnar á árinu 2019 var 3.968 m.kr. sem nemur 12,1% af fjárhagslegri verðmætasköpun samstæðunnar.

Hér til hliðar er myndræn framsetning á því hvernig fjárhagslegt verðmæti samstæðunnar á árinu 2019 skiptist á helstu liði.

Fjárhagslegt verðmæti árið 2019 = 32.726 m.kr.


■ Almennur rekstrarkostnaður - 14.223 m.kr.

■ Launagreiðslur - 8.907 m.kr.

■ Fjármögnunaraðilar - 853 m.kr.

■ Greiðslur til yfirvalda og lífeyrissjóða - 3.968 m.kr.

■ Afkoma - 4.775 m.kr.



Hvað felst í skattaspori samstæðunnar

Skattaspor Brims

Verðmætasköpun sem verður til í starfsemi samstæðunnar hefur þau áhrif að það stendur skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Skattaspor samstæðunnar samanstendur því bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri félaganna og þeim sköttum sem þau innheimta og standa skil á. Skattasporið vísar því til þeirra skatta og gjalda sem myndast vegna þeirrar verðmætasköpunar sem rekstur samstæðunnar skilar.

Á árinu 2019 nam skattaspor samstæðunnar samtals 7.585 m.kr. og skiptist þannig að gjaldfærðir skattar námu 3.968 m.kr. og innheimtir skattar námu 3.617 m.kr.

Samstæðan greiddi virðisaukaskatt að fjárhæð 3.639 m.kr. vegna kaupa á aðföngum og þjónustu sem myndaði rétt til endurgreiðslu. Þar sem tekjur samstæðunnar eru að mestu leyti vegna útflutnings afurða leggja félögin ekki útskatt á þær tekjur. Útskattur sem lagður var á sölu innanlands nam 1.888 m.kr. Mismunurinn nam 1.751 m.kr. sem félögin innan samstæðunnar fengu endurgreiddan. Þar sem virðisaukaskattur sem tengist rekstri félagsins er annað hvort útskattur hjá seljendum vöru og þjónustu eða frádráttabær innskattur hjá kaupendum afurða telst sá virðisaukaskattur ekki til skattaspor félaganna.

Einu áhrif virðisaukaskatts sem ber að innifela í skattaspori fyrirtækis er innskattur sem greiddur er og fæst ekki endurgreiddur og/eða útskattur af sölu til endanlegra neytenda.


Greiddir skattar

+


Innheimtir skattar

=



Skattaspor

Upplýsingar um skattaspor fyrirtækisins

Lykilatriði úr greiningunni

Helstu niðurstöður um skattaspor samstæðunnar eru þessi:

- Verðmætasköpun af rekstri samstæðunnar á árinu 2019 nam 32.726 m.kr. sem ráðstafað var til samfélagsins með margvíslegum hætti s.s. með launagreiðslum til starfsmanna, greiðslum á launatengdum gjöldum, kaupum á aðföngum frá birgjum, greiðslu annarra opinberra gjalda o.s.frv.
- Skattbyrði samstæðunnar vegna ársins 2019 nam 3.968 m.kr. eða 12,1% af verðmætasköpun þess en um 41% fjárhæðarinnar eru lögboðin gjöld vegna starfsmanna og 27% eru tekjuskattur til greiðslu.
- Til viðbótar við skatta sem gjaldfærðir voru hjá félögum, innheimtu þau og stóðu skil á sköttum og gjöldum sem ekki eru gjöld þeirra en tengjast rekstrinum og þeim verðmætum sem hann skilar með beinum hætti. Slíkir innheimtir skattar námu 3.617 m.kr. á árinu 2019.
- Skattaspor samstæðunnar nam því samtals 7.585 m.kr. á árinu 2019. Í yfirlitinu hér til hliðar er nákvæm sundurliðun á þeim sköttum og gjöldum sem mynda skattaspor samstæðunnar.



Skattaspor samstæðunnar

Skattaspor

Skattaspor samstæðunnar nam samtals 7.585 m.kr. á árinu 2019 og greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta.


Gjaldfærðir skattar

Gjaldfærðir skattar í rekstrarreikningi námu samtals 3.968 m.kr. Af þeim voru 2.689 m.kr. greiddar í ríkissjóð, 987 m.kr. til lífeyrissjóða og 292 m.kr. til sveitarfélaga í formi aflagjalda, hafnargjalda og fasteignagjalda.

Innheimtir skattar

Innheimtir skattar voru samtals 3.617 m.kr. og voru einkum greiðslur vegna launþega.

Samtals námu greiðslur til ríkissjóðs 1.692 m.kr. Útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga námu 1.316 m.kr. og framlög starfsmanna til lífeyrissjóða námu 609 m.kr.




Gjaldfærðir skattar og gjöld

Gjaldfærðir skattar og gjöld


Gjaldfærðir skattar og gjöld í rekstri námu samtals 3.968 m.kr. og eru einkum vegna eftirfarandi:

- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna sem gjaldfærð eru hjá fyrirtækinu svo sem mótframlag í lífeyrissjóði og tryggingagjald
- Skattur vegna nýtingar auðlinda, veiðigjöld
- Kolefnisgjöld sem innifalin eru í verði olíu til skipa
- Afla- og hafnargjöld vegna löndunar afla
- Skattar á eignir, fasteignagjöld
- Tekjuskattur af hagnaði

Gjaldfærðir skattar og gjöld



Gjaldfærðir skattar og gjöld, eftir tegundum




Innheimtir skattar

Innheimtir skattar

Innheimtir skattar samanstanda af:

- sköttum starfsmanna sem innifela útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga að fjárhæð 1.316 m.kr. og tekjuskatt í ríkissjóð að fjárhæð 1.514 m.kr. Að auki eru 609 m.kr. dregnar af launum starfsmanna og staðið skil á til lífeyrissjóða.
- Fjármagnstekjuskattur vegna arðsgreiðslna.

Innheimtir skattar



Innheimtir skattar, eftir tegundum skatta





kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.